

Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Árnesi  
801 Selfoss

Reykjavík, 16. október 2023  
UST202309-304/B.S.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag - Hagi 2 L166551. Umsögn**

Vísað er til erindis Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 28. september sl. þatr sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint erindi vegna fyrirhugaðrar efnistöku í landi Haga 2. Fyrirhugað er að taka 45.000 m<sup>3</sup> á um 1,5 ha svæði en þarna hefur landeigandi áður tekið efni til eigin nota. Einnig verða kannaðir möguleikar á nýrri aðkomuleið að námunni.

Umhverfisstofnun telur lofsvert að sveitarfélagið fylgi eftir stærðarviðmiðum náma og láti setja efnistökusvæði á skipulag þegar efnistaka verður umfram efni sem þarf til eigin nota.

Fram kemur í greinargerð að fallið hefur verið frá hugmyndum um nýja aðkomuleið að námunni. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem landbúnaðarland og er ekki þar að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar. Í greinargerð er lögð áhersla á að gegnið verði frá efnistökusvæðinu jöfnun höndum og er það að áliti Umhverfisstofnunar besta leiðin til að endurheimta gróður á svæðinu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson,  
**sérfræðingur**